

Andrésar Andar leikarnir á Akureyri



Níu ára drengir í Skíðaráði Akureyrar í verðlaunasætum (10) vorið 1990.

Andrésar Andar leikarnir á Akureyri voru fyrst haldnir 3.-4. apríl 1976. Hugmyndin var nokkuð eldri en hún varð til á kaffistofu Almennra trygginga í Hafnarstræti. Það var meira fyrir tilviljun að margir þeirra sem unnu í húsinu og hittust í kaffistofunni voru áhugasamir um skíðaíþróttina og tengdust henni á einhvern hátt. Þá voru ekki landsmót fyrir yngstu aldurshópana og svo til eingöngu keppt í þeim flokkum heima í héraði en það var vilji „kaffiklúbbsins“ að efna til barnamóts á skíðum fyrir allt land. Eftir nokkrar bollaleggingar og umræður kom til tals að tengja mótið Andrési Önd og leyfi til þess að nota Andrés var auðsótt.

Það var kaffiklúbburinn sem skipaði að verulegu leyti fyrstu framkvæmdanefndina og þeir aðilar unnu síðan að leikunum í fjöldamörg ár. Auk framkvæmdanefndarinnar koma mjög margir sjálfboðaliðar að mótinu, svo allt gangi upp. Aðeins einu sinni síðan 1976 hafa leikarnir fallið niður en það var árið 2003.



Sigurvegarnar í stökki 11 ára drengja vorið 1992. F.v. Þórarinn Jóhannsson Akureyri, Björgvin Björgvinsson Dalvík, Hjörtur Jónsson Akureyri

Fyrsta árið voru 148 keppendur skráðir til leiks en fljótlega fór þeim fjölgandi og hin seinni ár hafa keppendur verið á bilinu 700 til 800. Andrésar leikarnir eru því lang fjölmennasta skíðamót landsins.



Fyrsta mótsskráin.

Í fyrstu var einungis keppt í svigi og stórsvigi drengja og stúlkna en frá árinu 1980 hefur einnig verið keppt í göngu. Um tíma var keppt í stökki drengja en það var lagt niður og í staðinn kom risasvigi. Síðar kom inn leikjabraut, án tímatöku, og þrautabraut í göngu og nú er einnig farið að keppa á brettum. Margt af þekktasta skíðafólki landsins byrjaði feril sinn á leikunum og má þar nefna fólk eins og Björgvin Björgvinsson, Nönnu Leifsdóttur, Kristin Björnsson, Guðrúnu H. Kristjánsdóttur, Daníel Hilmarsson og Guðrúnu Jónu Magnúsdóttur. Guðrún Jóna sigraði bæði í svigi og stórsvigi í sínum aldursflokki fimm ár í röð 1976-1980.

Stutt saga frá Andrésar-móti 1995



Merki Andrésar Andar leikanna á Akureyri.

Það er mikil stemmning í kringum unga skíðafólkið, gleðin skín úr nær hverju andliti í fjallinu og þá sérstaklega þeirra yngstu. Ég spurði eina sjö ára stúlku hvernig henni hefði gengið í sviginu. „Jú, bara mjög vel,“ sagði hún. Ég spurði þá númer hvað hún hefði orðið. Og ekki stóð á svarinu: „Númer sautján.“ Síðar kom í ljós að rásnúmer hennar var sautján. Það var jú aðalmálið hjá þeirri stuttu að vera með. Tíminn í brautinni skipti hana engu máli.

Heimildir:

- F-339/4. Andrésar Andar leikarnir. Hermann Sigtryggsson: „Andrésar Andar leikarnir á Akureyri 30 ára“. Úrslit 20. – 23. apríl 2005.
- F-339/11. Andrésar Andar leikarnir. Margrét Blöndal: „Andrésar Andar leikarnir 35 ára“. Andrésar Andar leikarnir 2010. 1:1, 2010. Morgunblaðið.
- Valur B. Jónatansson: „Andrés“ Morgunblaðið 25. apríl 1995, 2D.

[Hér má sjá gögn í skjalaskrá Héraðsskjalasafnsins á Akureyri um efnið.](#)